



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

14. árgangur 3.tbl.

Mars 2017

Hjónaball 2017 í Brautarholti verður haldið þann 18. mars.



Hin sprellfjöruga og léttleikandi hljómsveit **Viggó** leikur fyrir dansi.
Grillvagninn sér um matinn eins og honum einum er lagið.

Skemmtiatriði verða að hætti **heimamanna**.



Húsið **opnar kl. 20:00** miðaverð er **kr 7500.-** (62 evrur)

Miðapantanir á netfangið: **umfskeid2017@gmail.com**

Hægt er að greiða miðana með því að leggja inná reikningsnúmer
586-26-2767 kt:471077-0709 munið að senda kvittun á netfangið:
umfskeid2017@gmail.com

Einnig er hægt að panta í síma:861-6410 (Anna Fríða) eða í síma:
898-9172 (Gústi)

Pantanir þurfa að berast fyrir þriðjudagskvöldið 14.mars.

Allir hjartanlega **velkomnir**, ekki síst brottfluttir Skeiðamenn sem og
aðrir vinir og venslamenn.

Þema kvöldsins eru **hattar/höfuðföt**.

Allir eru hvattir til að koma með
glæsileg höfuðföt á ballið.

Hjónaballsnefndin 2017.





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5.apríl. 2017.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsínu, Brautarholti.



Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

S: 486-5505

Fullt af bókum☺



Netfang bokasfn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30 til 1. apríl

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Munið nýja opnunartímann í Lyfju– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.

Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við Tvísteinabraut vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Gámasvæðið við Árnes opið:

þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Gámasvæðið í Brautarholti er við Búnaðarfélags-skemmuna. Sést vel af vegi nr. 30 - Skeiðavegi.

Gámasvæðið í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Gámasvæðin eru móttökustöðvar en ekki flokkunarstöðvar.

Flokkum heima og leggjum svo af stað á gámasvæðin ☺

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað (í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er hreint eða skítugt - það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi. Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn.

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Árshátíð Þjórsárskóla!

Föstudaginn 17. mars verður árshátíð Þjórsárskóla
haldin í Árnesi kl. 20:00.

Sýndir verða leikpættir sem byggðir eru á leikritunum:
„Pegar drottningin á Englandi fór í orlofið sitt“ og
Skuggasveini.

Allir eru velkomnir að gleðjast með okkur.



Óskum eftir lóð til kaups!

Undirrituð eru að leita eftir lóð til kaups í Gnúpverjahreppi, ætlaða heilsársbúsetu. Skoðum einnig lóðir skipulagðar undir frístundabyggð með það í huga að fá skipulagi breytt í heilsársbúsetu.

Æskilegt ef lóðir eru ofar í sveitarfélaginu en Árnes og helst 1- 4 ha að stærð. Skoðum allt.

Upplýsingar í gegnum e-mail eða síma;
annavalda@gmail.com eða 864-6971.

Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Gunnar S. Jónsson.

Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja sýnir leikritið **Láttu ekki deigan síga Guðmundur**

eftir Eddu Björgvinsdóttur og Hlín Agnarsdóttur.

Tónlistin er eftir Jóhann G. Jóhannsson.

Leikstjórn Vilborg Halldórsdóttir.

Allar sýningar eru í félagsheimilinu í Árnesi.

Frumskýning föstudaginn 10 mars kl. 20:00

2. sýning sunnudaginn 12. mars kl. 14:00 ath. dagsýning

3. sýning laugardaginn 18. mars kl. 14:00 ath dagsýning

4. sýning sunnudaginn 19. mars kl. 20:00

5. sýning fimmtudaginn 23. mars kl. 20:00

Miðaverð er 3.000 kr

Miðapantarnir í síma 897-1112 og tölvupósti gibba@pax.is

Við erum á facebook: Láttu ekki deigan síga Guðmundur



Heimsókn á Hellu og Hvolsvöllum.

5.-7. bekkur fóru þriðjudaginn 7. febrúar í heimsókn í Grunnskólann á Hellu og Hvolsskóla. Skoðað var hvað þessir skólar eru að gera í sambandi við Grænfanastefnu. Við vorum að endurgjalda heimsókn þeirra til okkar en þau komu til okkar fyrir tveimur árum. Þessir skólar eru eins og við í Vistheimt verkefni. Við fengum mjög góðar móttökur og nemendur fræddu okkur um hvað þau væru að gera og við sögðum frá okkar verkefnum. Okkar nemendum fannst spennandi að fara í stærri skóla og skoðuðum við m.a. kennslustofur og útikennslu-aðstöðu þeirra. Dagurinn var mjög vel heppnaður og nemendur okkar til mikils sóma.



Öskudagur

Gleði og gaman ríkti á Öskudaginn. Jón Bjarnason sá um að skemmta, það var dansað, farið í leiki og kötturinn sleginn úr tunnunni og foreldrafélagið gaf öllum glaðning áður en heim var haldið.



Skíðaferð

Fimmtudaginn 2. mars fórum við í dagsferð í Bláfjöll. Við vorum mjög heppin með veður og allir voru duglegir að æfa sig á skíðum. Margir voru að fara í fyrsta sinn á skíði, en allir lögðu sig fram og skíðuðu mest allan tímann. Það var rólegt í rútunni á heimleiðinni enda margir lúnir eftir daginn. Við vorum svo heppin að hafa öflugan og góðan hóp foreldra með okkur í ferðina, þrátt fyrir stuttan fyrirvara. Við viljum þakka öllum þeim sem aðstoðuðu okkur kærlega fyrir, það er svo mikilvægt að hafa svona góðan stuðning.



Upplestrarkeppin

Þriðjudaginn 28. febrúar var undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar haldin í Þjórsárskóla. Keppnin hefur verið haldin árlega fyrir 7. bekk frá 1996 og hefst formlegur undirbúningur á Degi íslenskrar tungu. Krakkarnir stóðu sig mjög vel og lásu skýrt og áheyrilega. Fulltrúar Þjórsárskóla í lokakeppninni eru þau Valdimar Örn Ingvarsson og Þorbjörg Guðrún Kristófersdóttir. Varamaður er Guðný Vala Björgvinsdóttir. Dómarar voru þær Anna Ásmundsdóttir, Stóru Mástungu og Anna María Flygenring, Hlíð. Lokakeppnin var í Aratungu þann 9. mars og þar hreppti Valdimar Örn þriðja sætið og við erum mjög stolt af honum. Til hamingju!

Með bestu kveðju.

lBolette og Kristín.



Gistihúsið Álftröð á Skeiðum.



Gistihúsið Álftröð á Skeiðum óskar eftir starfsmanni til þrifa á herbergjum í júlí og ágúst 2017.

Upplýsingar í síma 895- 6247

Netfang: alftrod@alftrod.is

Sjálfseignarstofnunin Skaftholt

óskar eftir sumarstarfsfólki (20 ára og eldri)
á tímabilinu maí til september.

Í Skaftholti er heimili fyrir fatlaða og stundaður lífrænn búskapur og garðyrkja.

Áhugasamir geta haft samband við

Gunnþór í síma 661-0012 eða

Gerd í síma 865-0404

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Aðalfundur Kvenfélags Skeiðahrepps 2017

verður haldinn í bókasafninu í Brautarholti laugardaginn 8. apríl kl. 11:00

Venjuleg aðalfundarstörf

- fundargerð síðasta fundar
- farið yfir reikninga félagsins
- skýrsla stjórnar
- inntaka nýrra félaga
- kosningar
- Önnur mál



Fráfarandi framkvæmdanefnd sér um veitingar á fundinum. Allar konur sem hafa áhuga á að kynnast starfi félagsins hjartanlega velkomnar. Við hvetjum félagskonur til að taka með sér gesti, ekki síst konur sem eru að aðlagast samfélagi okkar, erlendar sem íslenskar.

Stjórnin


Frá umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Við viljum vekja athygli á þætti á sjónvarpsstöðinni ÍNN, sem hægt er að finna á inntv.is. Í þættinum er fjallað um endurheimt votlendis og hvers vegna áhersla er lögð á hana. Einnig kemur fram að sækja má um styrki til verkefnisins og þarf að gera það nú í mars.

Vilt þú taka að þér rekstur Skeiðalaugar ?

Skeiða- og Gnúpverjahreppur óskar eftir aðila til að taka tímabundið að sér rekstur Skeiðalaugar í Brautarholti frá 1. apríl 2017.

Áhugsamir setji sig í samband við Kristófer Tómasson sveitarstjóra fyrir 31. mars í síma 486-6100 eða sendi erindi á netfangið: kristofer@skeidgnup.is



Bókun fundar í umhverfisnefnd nr. 14. 1. febrúar 2017.

Eftir skoðun á lýsingu vegna deiliskipulags, sem auglýst er á heimasíðu Skeiða-og Gnúpverjahrepps, gerum við í umhverfisnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps eftirfarandi athugasemdir :

Fyrst kemur kafli úr lýsingunni :

2.1 UMHVERFI OG AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU

Landslag á virkjunarsvæðinu hefur í gegnum tíðina mótast af ís, eldgosum og ekki síst vatnsföllum þar sem Þjórsá spilar stórt hlutverk. Landið er fremur flátt þó þar séu nokkur lág fjöll eða ásar. Vestan Þjórsár rísa Hagafjall og Núpsfjall norðan svæðisins og austan ár er Skarðsfjall. Farvegur Þjórsár er nokkuð brattur á þessu svæði og eru flúðir í ánni við Ólmóðsey. Landið er nokkuð vel gróið og gróður gróskumikill (Kristbjörn Egilsson ofl., 2002). Viða austan árinna má þó sjá áberandi merki um uppblástur sem geisði í ofanverðri Landsveit, þar sem fjölmargar jarðir fóru í eyði vegna hans. Núverandi landnýting á svæðinu er nær eingöngu tengd landbúnaði.

Allstór hluti byggðar í Árnes- og Rangárvallasýslum er á Þjórsárhrauni sem rann fyrir tæpum 9000 árum. Þeir fossar eru í Þjórsá neðan fyrirhugaðrar virkjunar, þ.e. Búði, Hestfoss og Urriðafoss og njóta þeir verndar skv. 61 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Hvammsvirkjun mun ekki hafa áhrif á rennsli í þeim, umfram það sem núverandi virkjanir hafa á rennsli árinna.

Í þessum kafla er þess réttilega getið að **land sé nokkuð vel gróið og gróður gróskumikill.**

Þar af leiðir að um gróðureyðingu verður að ræða ef af áætlaðri virkjun verður og Hagalón verður fyllt.

Það er hins vegar rangt með farið að núverandi landnýting sé nær eingöngu tengd landbúnaði, svæðið er einnig notað til útivistar, bæði af heimamönnum og ferðafólki.

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG þegar við tökum þátt. **802**



VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

HRUNAPRESTAKALL

- 26. mars:** *Messa* í Hrunakirkju kl. 14:00
Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna syngur.
- 14. apríl – föstudagurinn langi:** *Passíusálmalestur* í
Hrepphólakirkju frá kl. 13:00
- 16. apríl – páskadagur:** *Hátíðarmessa* í Hrunakirkju kl. 8,
hátíðarmessa í Hrepphólakirkju kl. 11 og
hátíðarmessa í Ólafsvallakirkju kl. 14.
- 20. apríl – sumardagurinn fyrsti:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í
Ólafsvallakirkju kl. 11. **Lok barnastarfs.**

Allir velkomnir, alltaf.

Allar upplýsingar um kirkjustarfið má finna á heimasíðu prestakallsins, hruni.is og á [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall)

Frá Stóra-Núpskirkju.

Allt gengur samkvæmt áætlun með viðgerðir á kirkjunni. Nú er verið að skipta um hluta gólfbita sem voru fúnir ,sunnanmegin og svo verður farið í að einangra og leggja gólfið ásamt því að leggja rafmagnið. Þá er málarinn aðeins byrjaður að vinna timburverkið undir málninguna. Með kveðju. Sóknarnefnd.



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

38 sveitarstjórnarfundur í Árnesi 1. febrúar kl. 14:00. Mættir: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Halla Sigríður Bjarnadóttir, Meike Witt og Kristjana H Gestsdóttir er sat fundinn í forföllum Gunnars Arnar Marteinsonar. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að tveimur málum yrði bætt á dagskrá. Mál nr. 21 Vinir Skaftholtsréttar og Kosning fulltrúa í Atvinnumálanefnd. Var það samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Kostir og gallar sameininga sveitarfélaga. Annars vegar í Árnessýslu. Hinsvegar sveitarfélög meðfram Þjórsá auk Rangárþings Eystra. Vinna við sviðsmyndir sameiningarkosta. Oddviti sagði frá fundi sem haldinn var 16 janúar sl í umræðuhópi sem fjallar um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu. Ákveðið hefur verið að leggja í greiningarvinnu/gerð sviðmynda um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í sýslunni. Á þeim fundi kom fram að fulltrúar Bláskógabyggðar hafa ákveðið að taka þátt í viðræðunum. Tilboð í greiningarvinnu komu frá fimm fyrirtækjum, þ.e. Capacent, Deloitte, KPMG, Ráðrík og R3. Fyrir fundinn voru þrjú tilboðanna valin og ákveðið að kynna þau sérstaklega á áðurnefndum fundi. Það voru tilboð frá Capacent, Deloitte og KPMG, frá þeim fyrirtækjum mættu fulltrúar á áðurnefndan fund og kynntu tilboðin, var þar samþykkt að ganga til samninga við KPMG á grundvelli tilboðs þeirra. Fyrir liggur að framlag fæst úr jöfnunarsjóði til þessa verkefnis. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að halda áfram þátttöku í verkefninu. Hvað varðar umræður um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga meðfram Þjórsá auk Rangárþings Eystra, þá hafa fulltrúar Flóahrepps tilkynnt að þeir hafi dregið sig út úr þeim umræðum. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að láta staðar numið í þeim viðræðum.
2. Erindi frá Atla Eggertssyni. Kaup á landi. Lagt var fram bréf frá Atla Eggertssyni og Lindu Högnadóttur þar sem óskað er eftir kaupum á landinu Knarrarholti landnr. 186299 3,9 ha spilda. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að semja við Atla og Lindu um kaupin.
3. Vegagerðin. Beiðni um framkvæmdaleyfi Ísakotsnáma. Erindi frá Vegagerðinni undirritað af Svani G. Bjarnasyni svæðisstjóra Suðursvæðis þar sem óskað eftir framkvæmdaleyfi til efnistöku úr Ísakotsnámu. Leyfið samþykkt samhljóða.
4. Vegagerðin. Beiðni um framkvæmdaleyfi Skáldabúðagryfja. Erindi frá Vegagerðinni undirritað af Svani G. Bjarnasyni svæðisstjóra Suðursvæðis þar sem óskað eftir framkvæmdaleyfi til efnistöku úr Skáldabúðagryfju. Sveitarstjórn leggur þunga áherslu á að það efni sem tekið verður úr gryfjunni verði nýtt til endurbóta á vegum í sveitarfélaginu. Öllum má vera ljóst að ástand vega víða í sveitarfélaginu er með óviðunandi hætti. Ennfremur leggur sveitarstjórn áherslu á að aðflutningsleiðir að gryfjunni verði lagfærðar með fullnægjandi hætti til að bera tilheyrandi umferð. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu leyfisins þar til Vegagerðin hefur lagt fram skýra áætlun um hvernig viðhaldi og endurbótum vega verði háttað í sveitarfélaginu á næstu misserum.
5. Viðbragðsáætlun vegna samfélagsáfalla- drög. Sveitarstjóri lagði fram og kynnti drög

að viðbragðsáætlun vegna samfélagsáfalla. Áætlunin er unnin af Viði Reynissyni verkefnastjóra almannavarna á Suðurlandi og er hún að mestu tilbúin. Stefnt er að almennum íbúafundi um viðbragðsáætlunina í apríl n.k.

6. Breytingar á ráðningarsamningum sveitarstjóra og oddvita.

Á fundi sveitarstjórnar þann 7. desember 2016 var samþykkt að laun kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn taki framvegis breytingum samkvæmt breytingum á launavísitölu. Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði breyting á launum kjörinna fulltrúa 1. janúar og 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. janúar 2017. Vegna tengingar við launavísitölu skal grunnvísitala vera 573,1 (maí 2016). Breyting 1. janúar skal miðuð við launavísitölu desembermánaðar. Breyting 1. júlí skal miðuð við launavísitölu júní mánaðar. Um er að ræða nýjustu birtu launavísitölu við fyrstu útborgun eftir breytingar. Samþykkt samhljóða.

Á fundi sveitarstjórnar þann 7. desember 2016 var lögð fram bókun frá sveitarstjóra um að laun hans taki framvegis breytingum samkvæmt breytingum á launavísitölu. Lagður var fram viðauki við starfssamning sveitarstjóra frá 25. júní 2014. Viðaukinn samþykktur samhljóða og oddvita falið að staðfesta hann fyrir hönd sveitarstjórnar. Sveitarstjóri vék af fundi á meðan umræða og afgreiðsla málsins fór fram. Oddviti leggur til að laun hans hækki ekki samkvæmt hækkun sem Kjararáð ákvað í nóvember sl. Hækkun ráðsins frá júní 2016 standi og framvegis taki laun oddvita breytingum samkvæmt breytingum á launavísitölu. Lagður var fram viðauki við starfssamning oddvita frá 30. júlí 2014. Viðaukinn samþykktur samhljóða og vara-oddvita falið að staðfesta hann fyrir hönd sveitarstjórnar.

7. Erindi frá Elvar Svanssyni – Varðar Skeiðalaug. Lagður fram tölvupóstur frá Elvar Svanssyni 221176-4999 en hann óskar eftir viðræðum við sveitarfélagið um að taka að sér rekstur Skeiðalaugar frá 1 apríl 2017. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýsa eftir aðila til að reka Skeiðalaug til eins árs. Sveitarstjóra falið að annast auglýsingu og samningaviðræður.

8. Sæluvellir – Erindi vegna skipulagsbreytingar. Lagt fram erindi frá Hákon Páli Gunnlaugssyni kt 100572-3039 fyrir hönd landeiganda Gunnlaugs Skúlasonar 1006-633- 3889 vegna landsins Sæluvellir (Réttarholt) landnr189447. Þar er óskað eftir að landið sem nú er skilgreint sem landbúnaðarland verði breytt í 4-6 frístundalóðir. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar áframhaldandi afgreiðslu málsins til Skipulagsfulltrúa.

Fundargerðir:

9. Fundargerð 125. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 10 og 11 þarfnast afgreiðslu.

10. mál. Réttarholt A lnr 166587 : Ferðapjónusta : Deiliskipulag -1612035.

Í endurskoðaðri tillögu að deiliskipulagi er afmarkaður byggingareitur fyrir allt að 30 smáhýsi á bilinu 12 til 30 m². Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að tillagan verði kynnt samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins.

11. mál. Kílhraun land 191805: Hraungerði (Árhrauns- og Miðhraunsvegur): Stofnun lóðar – 1701011. Lögð fram umsókn Kílhrauns ehf um stofnun 17,06 ha spildu úr landi Kílhrauns lnr. 191805

- Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti stofnun lóðarinnar og landsskipti samkv. 13. Gr. jarðarlaga.
10. Fundargerð 126. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 12,13,14,15,16,17 og 18 þarfnast afgreiðslu. 126. fundur
12. mál. Flatir lóð 24 lnr 209182: Byggingarmagn á lóð-1701036.
Lögð fram fyrirspurn SIGA ehf. dags 13. janúar 2017 um hvort heimilt verði að setja niður tvö hús 93 og 48 m² á lóð nr 24 á Flötum
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og felur Skipulagsfulltrúa að auglýsa breytingu á skipulagi svæðisins sem feli í sér að settir verði almennir skilmálar um byggingarheimildir á lóðum.
13. mál. Ásólfstaðir 1 lnr 166637: Leiðrétting á afmörkun lóðar – 1701042.
Umsókn Skógræktarinnar þar sem óskað er eftir að stærð lóðarinnar Ásólfstaðir 166637 verði breytt úr 5.000 m² í 4.000 m². Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti tilheyrandi lóðarblað og landsskipti samkv. 13 gr. jarðarlaga.
14. mál. Húsatóftir lóð 2 lnr 191340 og Húsatóftir 2B: Húsatóftir 2 lnr. 166472: Deiliskipulagsbreyting -170144.
Umsókna um breytingu á deiliskipulagi Húsatófta 2 sem felst í afmörkun lóðar. Mun hún fá heitið Húsatóftir lóð 3. Lagt fram lóðarblað fyrir Húsatóftir 2 B 4,93 ha að stærð.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leyti stofnun lóðar utan um íbúðarhús og lóðarinnar Húsatóftir 2B og breytinga afmörkunar Húsatófta 2 lóð. Landsskipti samþykkt samkv. 13 gr jarðarlaga.
15. mál. Minni- Mástunga lnr. 166582: Breytt nýting lóðar: Fyrirspurn- 1701046
Fyrirspurn um hvort breyta megi lóðum nr. 5 og 6 í íbúðarhúsalóð.
Sveitarstjórn samþykkir að gert verði ráð fyrir byggingu íbúðarhúss á umræddum lóðum. Með fyrirvara um breytingu á deiliskipulagi og aðalskipulagi.
16. mál. Minni – Mástunga lnr 166582: Íbúðarhúsalóð: stofnun lóðar -170147.
Umsókn um stofnun íbúðarhúsalóðar. Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins.
11. Fundargerð 12. Fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu. Fundargeð lögð fram og kynnt.
12. Skólanefnd. Leikskólamál. Fundargerð 31. fundar 17.01.17. Fundargerð lögð fram og staðfest.
13. Skólanefnd. Grunnskólamál. Fundargerð 30 fundar 17.01.17. Fundargerð lögð fram og staðfest.
14. Menningar og æskulýðsnefnd. Fundargerð 22. Fundar 11.01.17. Fundargerð lögð fram og staðfest.
15. Menningar og æskulýðsnefnd. Fundargerð 23. Fundar 24.01.17. Fundargerð lögð fram og staðfest. Í fundargerð kemur fram að nefndin leggur til að „Gaman saman“ hátíð verði haldin 19 febrúar nk. Sveitarstjóri staðfesti að rými væri á fjárhagsáætlun til auka fjárveitingu til hátíðarinnar um ca 50.000 kr. Samþykkt samhljóða.

Annað:

16. Umsögn um drög að kerfisáætlun Landsnets hf. Umsögn lögð fram Athugasemda-skýrsla við kerfisáætlun og umhverfisskýrslu 2016-2025. Undirrituð af Karli Björnsyni framkvæmdastjóra Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Skýrsla lögð fram og kynnt. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við skýrsluna
17. Breyting á lögum og reglugerðum um veitinga, gisti og skemmtistaði. Lögð var fram skýrsla undirrituð af Péttri Péturssyni Slökkviliðsstjóra Brunavarna Árnessýslu er varðar áhrif vegna breytinga á lögum og reglugerðum um veitinga, gististaði og skemmtanahald. Lagt fram og kynnt.
18. Alzheimer samtökin. Beiðni um stuðning. Lögð fram beiðni frá Alsheimar samtökunum um stuðning við starfsemi samtakanna. Samþykkt samhljóða að styrkja samtökin um 25.000 kr. Styrkur rúmast innan fjárhagsáætlunar og bókast á lykil 0286.
19. Erindi frá Vestmanneyjabæ vegna grunnskólanemanda. Lagt fram bréf frá fjölskyldu og velferðarsviði Vestmannabæjar undirritað af Ernu Jóhannesdóttur þar sem óskað er eftir að Skeiða- og Gnúpverjahreppur samþykki viðtöku nemanda. Samþykkt samhljóða.
20. Vegvísir Samstarfsn. KÍ og Samb. Svf. vegna málefna Grunnsk.
21. Vinir Skaftholtsréttta. Sveitarstjóra falið að ræða við stjórn Vínna Skaftholtsréttta um fjárhagsstöðu og verkefni félagsins.
22. Skipun fulltrúa í Atvinnumálanefndinni. Oddviti lagði fram tillögu um að skipa Matthildi Maríu Guðmundsdóttur sem fulltrúa í nefndina í stað Einars Bjarnason. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

- A. Stjórnarfundur Sorpstöðvar nr 252.
- B. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Breyting á lögum um slökkvilið.
- C. Afgreiðslur byggingafulltrúa 04.01.17.
- D. Afgreiðslur byggingafulltrúa 18.01.17.
- E. Aðalskipulagsvinna. Fundargerð 17.01.17.
- F. Dagur leikskólans 2017.
- G. Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga. Fundargerð 179 fundar.
- H. Heilbrigðisnefnd Umsögn um sorpgjaldskrá SKOGN.
- I. Aðgerðaráætlun um dekkjakurl.
- J. Dekkjakurl – skilgreining.
- K. Minjastofnun- skýrslugjöf.
- L. Skilaskylda upplýsinga til RSK.
- M. LSS staða lána um áramót.

Fundi slitið kl 16:40.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 1. mars næstkomandi.

Þessi fundargerð var ekki birt í síðasta Fréttabréfi og enginn kvartaði yfir því . Fundargerðirnar eru að sjálfsögðu birtar á heimasíðu sveitarfélagsins

www.skeidgnup.is/stjornkerfið/fundargerðir og þar er hægt að lesa þær.

Látið mig vita ef þið saknið þeirra mjög úr Fréttabréfinu. ☺ Með bestu kveðju.

Kidda (kidda@skeidgnup.is - 486-6100) .

Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta



Uppsveitadeildin hófst í sjöunda sinn í Reiðhöllinni á Flúðum þann 17. febrúar síðastiðinn með keppni í fjórgangi.

Keppnin var hin skemmtilegasta, eins og ávallt. Það sannaðist að þeir síðustu verða oft fyrstir.

Í forkeppni fjórgangsins var Matthías Leó Matthíasson á Nönnu frá Leirubakka síðasti maður í braut en fékk hæstu einkunn 7,73 og skaut Hanne Oustad Smidesang á Roða frá Hala aftur fyrir sig sem hafði hrifið áhorfendur með fallettri sýningu.

Matthías Leó sýndi svo Nönnu frá Leirubakka af enn meira öryggi og hækkaði í A-úrslitum í 8,00 og sigraði örugglega. Þórarinn Ragnarsson á Leik frá Vesturkoti varð í 8. sæti eftir forkeppni með 6,43 og vann sér því sæti í B-úrslitum þar sem hann svo sigraði. Hann náði öðru sæti í A-úrslitum með 7,27.

Knapar í þriðja til fimmta sæti voru með sömu einkunn 6,60 og því þurfti að varpa hlutkesti til að skera úr um röð þeirra. Guðjón Örn Sigurðsson á Kotru frá Steinnesi hreppti 3ja sæti, Viðja Hrund Hreggviðsdóttir á Grana frá Langholti varð fjórða. Hanne Ousted Smidesang valdi að taka fimmta sæti.

Góðir gestir sóttu Uppsveitadeildina heim.

Formaður Landssambands Hestamanna, Lárus Ástmar Hannesson, ásamt hluta af stjórn komu og fylgdust með keppninni. Þau voru mjög ánægð með breiddina í keppninni og hversu góð hross komu fram. Jafnframt voru þau áhugasöm um uppbygginu Reiðhallarinnar og það fjölbreytta starf sem þar fer fram. Úrslit keppinnar má finna á vefsvæði Reiðhallarinnar Flúðum, www.reidhollin.is sem á facebook síðu hennar www.facebook.com/reidhollinfludum.

Uppsveitadeildin 2017 heldur áfram. Næsta keppni er fimmgangur sem verður haldin **föstudaginn 10. mars**. Kynning keppenda og liða hefst kl. 19:45 og forkeppnin hefst stundvíslega kl. 20:00.

Staða efstu knapa er þessi:

1. Matthías Leó Matthíasson.	21
2. Þórarinn Ragnarsson.	20
3. Guðjón Örn Sigurðsson.	19
4. Viðja Hrund Hreggviðsdóttir.	18
5. Hanne Smidesang.	17
6. Bragi Viðar Gunnarsson.	16
7. Sigurbjörg Bára Björnsdóttir.	15
8. Sara Rut Heimisdóttir.	14
9. Óskar Örn Hróbjartsson	13

Staða liðakeppninnar er þessi:

1. Vesturkot.	56 stig.
2. Subway.	37 stig.
3. Kílhraun.	32 stig.
4. JÁVERK.	30 stig.
5. Baldvin og Þorvaldur.	29,5 stig.
6. Kjóastaðir 3.	29 stig.
7. Sóleyjarbakki.	16,5 stig.

Efstu knapar Uppsveitadeildarinnar 2017 í fjórgangi. Sigurvegari Matthías Leó Matthíasson og Nanna frá Leirubakka. Í öðru sæti Þórarinn Ragnarsson og Leikur frá Vesturkoti. Í þriðja sæti Guðjón Örn Sigurðsson á Kotru frá Steinnesi. Verðlaun afhentu Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH, og Jóna Dís Bragadóttir, varaformaður LH.



Afréttakortið er ennþá til!

Afréttir Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna.

Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-** 😊

Birgðir farnar að minnka 😊

Fæst á skrifstofunni í Árnesi.

(Khg)



Leikholtisfréttir

Öskudagur var haldinn hátíðlegur í Leikholti 1. mars. Þá mættu allir í búningi, slógu köttinn úr tunninni og dönsuðu í salnum okkar göðða. Dagurinn heppnaðist vel og allir skemmtu sér. Myndirnar eru frá þeim degi.

Þann 17. febrúar var litadagur, en fyrir alla litadaga höfum við í Leikholti haldið lýðræðinu á lofti og börnin hafa kosið um hvaða litur verði fyrir hvern litadag.




Þetta er annað árið í röð sem við höfum haft kosningar en núna var það í fyrsta skipti að kosningin var jöfn. Því var rauður og blár Litadagur.

Þann sama dag réðu börnin hvort þau kæmu í rauðu eða bláu eða báðum þeim litum.



Að lokum langar
okkur að minnast á
þær góðu fétir að
það fjölgar enn í
leikskólanum
Leikholti.

Nú í mars verða
börnin orðin 30
talsins og í maí
eigum von á að talan
verði 36 börn.
Bestu kveðjur
úr Leikholti.
Elín Anna,
leikskólastjóri.



Skósvænahópur á Öskudegi

Afmælistónleikar Karalakórs Hreppamanna

Árið er 1997, og ekki þótti mega dragast lengur að stofna karlakór í uppsveitum Árnessýslu. Boðað var til fundar um stofnunina 1. apríl. Á þriðja tug karla mætti og söngstjórinn Edit, alls óhrædd við dagsetninguna - og það var ekki aftur snúið. Æfingum var ekki sinnt með hangandi hendi því strax 30. apríl söng kórinn nokkur lög á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Síðan hefur ekkert lát verið á söng kórsins eða þátttöku karla í honum, árin hafa hlaðist upp og brátt verður kórinn tuttugu ára. Edit Molnár hefur verið stjórnandi hans frá upphafi og Miklós Dalmay píanóleikari og hafa bæði reynst kórnum mesti happafengur. Nú á afmælisári eru kórfélagar 57 talsins og koma úr flestum sveitum Árnessýslu og Selfossi. Þessi sveit ætlar í tilefni tvítugsafmælisins að halda þrenna tónleika á næstunni og fá til liðs við sig þrjá karlakóra enda mega herlegheitin ekki vera minni. Afmælistónleikar kórsins hinir fyrstu verða 1. apríl næstkomandi klukkan 16.00 í íþróttahúsi Hrunamanna á Flúðum. Karlakórinn Fóstbræður er boðinn velkominn til þátttöku í þeim tónleikum. Næstu tónleikar verða í Selfosskirkju 3. apríl klukkan 20.00 og þar ætlar Karlakór Selfoss að sýna kórnum þann heiður að syngja með. Hinir síðustu verða í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði 5. apríl klukkan 20.00. Heimamenn í karlakórnum Þröstum koma þar til liðs við afmæliskórinn.

Dagskrá Karalakórs Hreppamanna á tónleikunum samanstendur af úrvali laga frá tuttugu ára ferli hans. Er það von kórsins að sem flestir komi á tónleikana og samfagni með því að hlýða á tímamótasöng.

Með söngkveðju
Stjórnin.





Minnum á Reiðskólann sem hefst 28.mars og
Hestheimaferð 27. – 28. maí. Allir með! ☺ ☺ ☺



UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2017

í Reiðhöllinni á Flúðum



18. mars Barnaflokkur - fjórgangur og tölt
10:00 Unglingaflokkur - fimmgangur og tölt



8. apríl Barnaflokkur - smali
10:00 Unglingaflokkur – smali og skeið

Frítt inn – Allir velkomnir



Staðan eftir fyrsta mót

Barnaflokkur

1	Þórey Þula Helgadóttir	Smári	20
2-3	Freya Linda A. Mattsson	Smári	16
2-3	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	16
4-5	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	14
4-5	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	14
6	Dagmar Sif Morthens	Logi	5
7	Fjölur Þór Morthens	Logi	4

Unglingaflokkur

1	Rósa K. Jóhannesdóttir	Logi	20
2	Aron Ernir Ragnarsson	Smári	18
3	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	16
4	Sölvi Freyr Freyðisarson	Logi	7
5	Laufey Ósk Grimsdóttir	Smári	6

Smári	120
Logi	36



Nesey ehf



Akrýlmálun ehf

Torfastaðir

Veitandi ehf pípulagnaþjónusta

Brekkuhestar



Styrktaraðilum Uppsveitadeilda Æskunnar er þakkaður stuðningurinn

Nýtt 6 vikna námskeið að byrja!

Leikfimi í Brautarholti verður kl 19.15 á mánudögum og miðvikudögum og byrjaði mánudaginn 6. mars.

(allt í lagi að koma inn í seinna) Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

Kennarar eru Elin Moqvist og Matthildur Guðmundsdóttir.

Verð fyrir 6 vikna námskeið er 8.000,- Allar konur velkomnar!

Aðalfundur björgunarsveitarinnar Sigurgeirs verður haldinn mánudaginn 27. mars kl. 20:00.

Fundarstaður: Björgunarsveitarhús Sigurgeirs.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins
3. Nýir meðlimir boðnir velkomnir.
4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
5. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
6. Kosning endurskoðenda og eins til vara.
7. Önnur málefni.

Virðingarfyllst,
STJÓRNIN.



Hestamenn og aðrir ferðalangar!

Ef þið viljið gista í Hólaskógi á Gnúpverjaafrétti hafið þá samband við Sonju Huld Guðjónsdóttur með tölvupósti info@exstremeiceland.is Heimasíðan www.holaskogur.is er einnig með upplýsingar um verð og annað. Sveitarstjóri.

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýttengingum og línubókhalði FjarSKIPTAFÉLAGS Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.

Fróðleiksmolinn

Þjórsárdalur skiptist í tvo dalbotna um Rauðukamba, þar sem Fossá rennur í austari dalbotninum og Bergólfsstaðaá (framar Sandá) í hinum vestari. Innst í báðum dölum er Fossalda, en austan við Fossá er Stangarfell. Næsta fjall til suðvesturs er Skeljafell, þar næst Sámsstaðamúli og loks Búrfell. Þjórsá lokar dalnum til suðurs. Vestan við Fossöldu eru Flóamannafjöll, næst Dímon, Selhöfði, svo Skriðufell og Ásólfssstaðafjall.

Undir Hagafjalli eru höfðarnir Bringa og Gaukshöfði og er oft talað um að Þjórsárdalur opnist við þann síðarnefnda.



Björgunarsveitarnámskeið fyrir 4.-7.bekkjar nemendur í Þjórsár-og Flúðaskóla.

Dagana 1. og 2 apríl næstkomandi mun Björgunarfélagið Eyvindur standa fyrir tveggja daga námskeiði sem ætlað er öllum krökkum í **4.-7. bekk í Þjórsár- og Flúðaskóla.**

Farið verður yfir helstu hlutverk björgunarsveita.

Lögð verður áhersla á fyrstu hjálp, leitartækni, klifur, fjarskipti, rötun og ferðamennsku. Námskeiðið mun byrja kl 10:00 að morgni og vera til kl 16:00 báða dagana.

Námskeiðið mun ekki kosta neitt en gert er ráð fyrir því að þátttakendur mæti með nesti á sunnudeginum að heiman. Hrunamannahreppur og Skeiða-og Gnúpverjahreppur styrkja námskeiðið.

Umsjónarmenn verkefnisins
eru Meike Witt og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Auk þeirra munu aðrir meðlimir Eyvindar aðstoða.

Skráning á námskeiðið þarf að hafa borist fyrir 27. mars til

Meike í síma 663-8011, Halldóru í síma 892-1276 eða á netfangið

bfeyvindur@simnet.is

Hlökkum til að sjá ykkur á námskeiði ☺

Betra er að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í.

Oddviti , sveitarstjóri, sveitarstjórn.

Mér er spurn? Hver er ástæða fyrir því að ísinn á Sandlækjarmýrinni hefur ekki verið „skafinn” „sandaður eða saltaður.“ Þetta er stórhættulegur vegarkafli mjór og kúptur, Sandlækjarmýri að Þrándarholti, djúpir stórhættulegir skurðir mjög nálægt veginum beggja vegna og maður spyr ekki að leikslokum ef bíll hvolfist þar ofan í.

Síðast liðnar vikur hefur verið ís á veginum ÍSHRYGGIR OG HJÓLFÖR sem eru mismunandi breið og hættuleg litlum bílum. Þarna aka um stórir bílar með alls konar flutning sem eru margir hverjir ósparir á að nota þennan mjóa veg á stundum.

Sem betur fer hefur sólbráðin hjálpað að bræða ísinn þannig að hægt var að finna auða bletti sumstaðar til að aka á.

En sólbráðin hefur líka skapað stórhættu (hálfu á ísum) fyrir vegfarendur, gert veginn enn hættulegri um miðjan daginn þegar ekið er með dýrmætustu eign flestra okkar, það er leikskóla og skólabörn.

Hvað ef komið hefði hvassviðri á þessa hálfu og engir auðir kantar ? Hvað ef orðið hefði slys ? Sem betur fer hefur sólin brætt það mikið í dag **3.mars 2017** (þegar þetta er ritað) að minni hætta er á ferðum. Guð og lukkan hefur verið með okkur til þessa.

Sveitarstjórn.

Einlæg ósk mín er, látið þetta ekki koma fyrir aftur. Látið hreinsa veginna þegar nauðsyn ber til. Ef þetta er sparnaðar vegna, notið þá þann sparnað annars staðar. Ég mætti bíl merktur Happy Camping sem snérist á veginum hjá Miðhúsum, í beygjunni,

(sjá mynd.)

eflaust erlendir ferðamenn. Þarna er mjög bratt útaf, bíllinn var á mjög hægri ferð og slapp við að renna útaf. Mér brá, og þetta var tilefni til þess að ég varð að tjá mig, eflaust fyrir hönd margra sem jafnvel hafa veigrað sér við að aka þennan veg, þegar hann er svona.



Hvað ef þessi bíll hefði farið útaf. Ég vil einnig benda á ísinn sem var á vegamótunum á Sandlækjarholtinu ekki nokkur glufa á ísnum, í allt of langan tíma. **Sjá mynd. >**

Lífæð sveitarinnar okkar á aldrei að vera hættuleg. Það er brýn þörf að huga að vegabótum áður en slys verður, vegna mjög svo aukinnar umferðar flutningabíla og ferðamanna.

Skrifað 3.mars með von um ljúfa vorkomu og að vorið sem er á næsta leiti, veiti birtu og yl í sálir okkar sveitunga.



Sandlækjarholt: hér má vel sjá að einhver hefur runnið til og lent á skiltinu sem ekki er furða.

Með vinsemd og virðingu,
Rosemarie Brynhildur Þorleifsdóttir
Vestra-Geldingaholti

Umsókn um leikskólavist í leikskólann Leikholt



Skólanefnd og leikskólastjóri vilja vekja athygli íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á því að mjög gott er að sækja um leikskólavist fyrir börnin ca. misseri fram í tímann. Það er að segja ef vilji er til þess að barnið byrji að hausti þá er gott að senda inn umsókn að vori o.s.frv. Það auðveldar að gera ráð fyrir barna- og starfsmannafjölda í leikskólanum fram í tímann.

Nánar um innritunarreglur er hægt að finna á <http://skeidgnup.is> og einnig er hægt að fylla út rafræna umsókn um leikskólavist á heimasíðu hreppsins á þessari slóð: <http://skeidgnup.is/efni/leiksk%C3%B3linn-leikholt>.

Með bestu kveðjum,
Skólanefndin.

Guesthouse Denami, Vestra-Geldingaholt leitum að starfskrafti sumar og haust.

Við leitum að manneskju með mjög góða þjónustulund og áhuga
á að taka vel á móti erlendum gestum.

Starfið felst í þrifum, vinna/aðstoða í eldhúsi og þjónustu við gesti

Meiri upplýsingar og umsóknir: josefine@denami.is

www.denami.is



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP



facebook

www.landflutningar.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er
María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Arnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu sigrun@laugaras.is



Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider Glampi kostar
nú nýr 199.900 m/vsk

Virkislausir hnakkurinn Heba 149.000 m/vsk

Velkominn að skoða eða sækja prufuhnakk hjá okkur í Vestra-
Geldingaholti



www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús
698 70 90 Josefine



www.Híalín.is
Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.



Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com



Á bak við eldavélina!

Því miður er Nikulás í Birkikinn, sem fékk áskorunina síðast, mjög upptekinn um þessar mundir þar sem hann sýnir snilldar takta m.a. á fjöllum Félagsheimilisins Árness í leikritinu



“Láttu ekki deigan síga Guðmundur” þannig að hann kemur með eitthvað gómsætt í næsta Fréttabréf.

Ég skelli hér inn smotterií sem hægt er að nota í Eurovision og útskriftarteitum sem framundan eru í vor. ☺

Avókadódýfa

2 avókadó, afhýdd og skorin í bita
2 msk tahini (sem er “maukuð sesamfræ”)
3/4 dl sítrónusafi
2 msk ferskur kóríander eða annað grænt krydd
1 tsk hvítlauksduft
1/2 tsk sjávarsaltflögur
1 daðla smátt skorin
Setjið allt í blandara og maukið
Bragðið til með sjávarsalti
og nýmöluðum svörtum pipar



Spicy kasjúhnetudýfa

4 dl kasjúhnetur, lagðar í ileyti í 2 klst
2 dl vatn
6 döðlur
4 msk sítrónusafi
2-3 msk sambal oelek eða annað chilli mauk
2 hvítlauksrif
2 tsk laukduft
1/2 tsk sjávarsaltflögur nýmalaður svartur pipar

Aðferð.

Hellið íbleytivatninu af kasjúhnetunum áður en þær eru settar í blandara ásamt restinni af uppskriftinni.

Blandið þar til það verður alveg létt og kekkjalaust.

Það þarf kartöfluflogur (Snakk) til að hafa með þessum uppskriftum! Svo gott!

Með von um gleði í hjarta okkar allra!

Kærleikskveðja.

Ritstjóri. (Kidda.)



Menn og málefni!



Auður Olga Arnarsdóttir, Gunnbjarnarholti útskrifaðist frá RMIT University Melbourne Ástralíu þann 14. desember 2016. Hún lauk prófi á viðskiptasviði, Bachelor of Business, Logistics and Supply Chain Management. Innilegar hamingjuóskir með áfangann Auður Olga.



Sára Herczeg, og István Holczer, Holtabraut 29 í Brautarholti, eignuðust dreng, 13. febrúar s.l. sem vó 3148 gr og 49 cm og hann er þeirra

fyrsta barn. Við óskum þeim hjartanlega til hamingju með drenginn sinn. Congratulations Sára and István!



Aðalfundur Ungmennafélags Gnúpverja

verður haldinn í fundarsalnum í Árnesi þriðjudagskvöldið 28. mars kl. 20.00 Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin.



Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður.

Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810.

Kv. Dóri

Vetraropnun: Alla daga. kl. 11:00 - 22:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

<http://www.fontana.is>

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Er ekki vorið að koma?

Mineraleimer

Alhliða steinefnafata fyrir nautgripi og hross

Kr. 5.780



Phosphoreimer

Steinefnafata fyrir geldkýr og hross

Kr. 6.610



Universalschale

Steinefnafata fyrir sauðfé og hross

Kr. 3.805



Saltsteinn Natur - 10 kg

Kr. 995



Saltsteinn Plus - 10 kg

Með Selen, jöði, mangan o.fl

Kr. 1.335



Uniblock

Alhliða steinefnablokk fyrir sauðfé, nautgripi og hross

Kr. 2.410



Vitablock

Alhliða vitaminblokk

Kr. 2.815



Lambatúttufötur og lambatúttur

5 túttu 8 L

Kr. 2.399



6 túttu 8 L

Kr. 2.877



Vinnugallar

Allar stærðir

Kr. 7.800

og líka á börn

Kr. 6.900



“Klaufa” klippur

Kr. 3.120



Inngjafasprautur

Kr. 17.770



Skammtasprautur

Kr. 16.792 3 ml



Breytingar í Laugarási!

Hjá okkur í Laugarási hafa orðið nokkrar breytingar. Sigurjón Kristinsson hefur hafið störf sem yfirlæknir. Aðrir læknar koma að, eins og hefur verið. Þórður hefur hafið störf á Selfossi og verður ekki fast hjá okkur lengur.

1. apríl munu einnig verða breytingar, við byrjum fyrr á morgnana og hættum fyrr.

Opnunartími verður frá 8 til 16. Fyrsti læknatíminn verður kl 8:20.

Símatímarnir verða eins og áður **kl. 9-9:30 og kl. 13-13:30**

Blóðprufur verða teknar á morgnana kl. 8:15 til kl 11 og nauðsynlegt er að vera **fastandi fyrir blóðprufur**, þá fást réttari niðurstöður.

Lyfjaendurnýjun verður hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Kær kveðja, Anna Ipsen
Hjúkrunarstjóri HSU Laugarási.

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi 2017
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486**

Neslaug

Opið - Open

Miðvikudaga: Wed. 17 - 22

Laugardaga: Sat. 13 - 18

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.

Hætt er að selja ofan í hálf tíma fyrir lokun.

Aðeins er ca. 12 mínútna akstur á milli lauganna.

Skeiðalaug

Opið - Open

Mánudaga Mon. 18 - 22

Fimmtudaga: Thu. 18 - 22

Neslaug og Skeiðalaug eru á

 Fylgist með þar ☺

Eypór Brynjólfsson s. 897-1112

Umsjónarmaður sundlauga.

Íbúafundur í Skeiða– og Gnúpverjahreppi verður haldinn þegar daginn tekur að lengja aðeins meira!

Fundarefni: aðalskipulag og viðbragðsáætlun Almanna- og borgarfundarinnar, langtímaviðbrögð í sveitarfélaginu. **Fylgist með á skeidgnup.is**

Verður auglýstur betur þegar nær dregur. Sveitarstjóri